

221

21. febr.

Forstjóri tryggingarinnar setur, eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar, og skal það tilkynnt umboðsmönnum hennar (skráningastjórum og lögreglustjórum) með umburðarbréfi.

26. gr.

27. gr.

Brot gegn slysaftryggingarlögunum og reglugerð þessari varða 50—1000 kr. sektum, er renni til slysaftryggingardeildar. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni, útgefin 28. des. 1931, og reglugerð um áhættuflokkun, útgefin 1. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

222

21. febr.

REGLUR

um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysaftryggingar.

Áhættuflokkun.

Frá 1. janúar 1939 ákveðst áhættuflokkun og iðgjöld fyrir slysaftryggingar, samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, svo sem hér segir:

	Aurar á viku
1. áhættuflokkur	15
2. —	25
3. —	40
4. —	60
5. —	80
6. —	100
7. —	120
8. —	150
9. —	200
10. —	300
11. —	600
12. —	2500

Vikan leggst til grundvallar, og er eining fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupid sé miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupid er tímakaup eða dagkaup reiknast 48 klukkustundir, eða 6 dagar, sem ein vika. Árið reiknast 52 vikur. Telja skal saman tíma allra þeirra, sem tryggðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgangur, telst sem heil vika.

Iðgjaldaskrá.

222

21. febr.

I. Sjómannatryggingin.

A. Skyldutrygging.

Gufuskip og vélskip:	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
a. Farþega- og flutningaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir) notaðir til mannflutninga (skipshöfn)	7.	120 aurar
b. veiðiskip (yfir 75 lestir) og flóabátar (undir 50 lestir), skipshöfn	8.	150 —
Róðrabátar (skipshöfn)	8.	150 —
Vélbátar undir 75 lestir (skipshöfn)	9.	200 —
Seglskip (skipshöfn)	8.	150 —
Kafarar	10.	300 —
Af iðgjöldum róðrabáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiðir ríkissjóður $\frac{3}{10}$ hluta iðgjaldsins.		

B. Frjáls trygging.

Sjófluglaveiðar	10.	300 aurar
-----------------------	-----	-----------

II. Iðntryggingin.

Iðgjaldaskrá eftir áhættuflokkum.

Skyldutrygging.

1. áhættuflokkur (vikugjald 15 aurar fyrir mann):	Pylsugerð, kjöt- og fiskdeigsgerð.
Bókbandsvinna.	Sendistörf (önnur en vörusendla).
Burstagerð.	Sjóklæðagerð.
Gullsmíðar.	Skósmíðar.
Körfugerð.	Sokkabanda-, axlabanda- og sprotagerð.
Ljósmyndagerð.	Söðlasmíðar.
Netjagerð og bætingar (án véla).	Vinnufatagerð.
Prjónastofuvinna.	
Raflampa- og hjálmagerð.	3. áhættuflokkur (vikugjald 40 aurar fyrir mann):
Rakarastörf.	Belgjagerð.
Saumastofuvinna.	Beykisstörf.
Seglasaumur.	Blikksmíðar án aflvéla.
Silfursmíðar.	Brauðgerð.
Sútun (rotun skinna).	Brjóstsykurgerð.
Úrsmíðar.	Efnagerð.
	Fiskherzla.
2. áhættuflokkur (vikugjald 25 aurar fyrir mann):	Fiskmat.
Bréfhæstörf (bæjarpóstur).	Fiskþökkun.
Dúklagning.	Fiskþurkun á reitum og í þurk-húsum.
Fatalitun (hreinsun og pressun).	Fiskþvottur.
Færspuni.	Fisksöltun.
Húsagagnafóðrun.	Fiskúrgangsvinna.
Leðuriðja.	Gasgerð (kolagas).
Leikfangagerð (úr öðru en tré).	Glerslípun.
Prentiðn.	

222

21. febr.

Gljávaxgerð.
 Gúmíiðnaður.
 Hampiðja.
 Hreinlætisvöruframleiðsla (þvotta-
 duft, ræstiduft, fægilögur, sápu-
 ur, kerti).
 Húsgagnsmíði án aflvéla.
 Járnsmíði án aflvéla.
 Kaffibrennsla.
 Kaffibætisgerð.
 Kexgerð.
 Konfektgerð.
 Kornmölun.
 Kökugerð (brauðgerð).
 Lakkrisgerð.
 Línstofuvinna.
 Lyfjagerð (lyfjafræðingar og
 nemar).
 Málmhúðun.
 Málgerð (litagerð).
 Netjagerð með vélum.
 Niðursuða.
 Pappírspoka- og pappírsgerð.
 Pípulagningar innanhúss (gas,
 vatn, miðstöðvar, skólp o.s.frv.).
 Pípuferð.
 Reiðhjólaviðgerðir.
 Reykhúsastörf.
 Síldarverkun.
 Smjörlíkisgerð.
 Skóáburðargerð.
 Súkkulaðigerð.
 Trésmíðar án aflvéla.
 Veggfóðrun.
 Þvottahúsvinna.
 Ölgerð.

4. áhættuflokkur (vikugjald 60 aurar
 fyrir mann):

Acetylgasgerð.
 Aflvélastjórn við jarðyrkju.
 Bátasmíðar, bátaviðgerðir.
 Bifreiðastjórn
 Bifvélavirkjun.
 Bæjarvinna ýmiskonar (ótilgreind
 annarsstaðar).
 Fiskflökun.
 Frystihúsvinna.
 Glergerð.
 Grjótvinna önnur en sú, sem talin
 er í 6. áhættuflokki.

Götugerð og lagningar í götu (píp-
 ur og vír).
 Hreinsun (ræsting) á skrifstofum,
 skipum o. fl.
 Húsagerð (nýsmíði, endurbætur og
 breytingar).
 Ístaka.
 Jarðvinna (jarðnám).
 Klæðaverksmiðjuvinna.
 Leikfangagerð úr tré.
 Lögreglustjörf.
 Málaraströf.
 Mjólkurbúsströf.
 Múrarastörf (múrsléttun, múrhúð-
 un o. fl.).
 Pípulagningar utanhúss.
 Raforkuleiðslur.
 Raftækjagerð.
 Rjómbúsströf.
 Sand- og malartaka.
 Sendistörf (vörusendlar).
 Símalagningar og viðgerðir.
 Skógerð.
 Sorphreinsun.
 Steinsteypa.
 Tollgæzla.
 Ullarverksmiðjuvinna (meðaltals-
 iðgjald).
 Varðstaða.
 Vegagerð.
 Vikurvinnsla.
 Vitabyggingar.
 Vitavarzla.
 Vöruhúsvinna.
 Vöruflutningar (í sambandi við
 vöruhúsvinnu og skipaaf-
 greiðslu).
 Þangtaka.
 Þangvinnsla.

5. áhættuflokkur (vikugjald 80 aurar
 fyrir mann):

Blikksmíðar með vélum.
 Dósasmíði með vélum.
 Fiskaðgerð.
 Gosdrykkjagerð.
 Hafnargerð.
 Húsgagnsmíði með vélum.
 Hvalskurður.
 Jarðborun.
 Járnsmíði með vélum.
 Járnsteypa.

Logsuða.	Lýsisbræðsla.	222
Lóðabeiting og afbeiting.	Síldarbræðsla.	21. febr.
Raforkuleiðslur (loftlínur).	Slátrun.	
Skipasmíðar (viðgerðir og viðhald).	Slökkviliðsstörf.	
Sóthreinsun (sótatar).	Uppskipun og útskipun við bryggju.	
Stáltunnugerð.		
Steinhögg.	7. áhættuflokkur (vikugjald 120 aurar fyrir mann):	
Trésmíði í vélsmiðjum.	Hafnsögustörf.	
Vatnsvirkjun.	Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum.	
Vélgæzla.		
Vélanámskeið.		
6. áhættuflokkur (vikugjald 100 aurar fyrir mann):	9. áhættuflokkur (vikugjald 200 aurar fyrir mann):	
Áburðarverksmiðjuvinna.	Námugróftur.	
Bifhjólástjórn.		
Brúargerð.	10. áhættuflokkur (vikugjald 300 aurar fyrir mann):	
Bryggjugerð.	Bjargsig (aðstoðarmenn).	
Fiskmjölsverksmiðjuvinna.	Köfun.	
Grjótmulning.		
Grjótsprenging.	12. áhættuflokkur (vikugjald 2500 aurar fyrir mann):	
Grjótnám.	Bjargsig (sigmaður).	
Karfabræðsla.		
Landpóstastörf.		
Lestavinna í skipum.		

Stafrófsskrá um iðgjaldaflokkun.

A. Skyldutrygging.

	Áhættuflokkar	Vikugjald fyrir mann	
Acetylgasgerð	4.	60 aurar	
Afbeiting, sjá Lóðabeiting.			
Aflvélastjórn við jarðvinnu	4.	60	—
Áburðarverksmiðjuvinna	6.	100	—
Bátasmíðar, bátaviðgerðir	4.	60	—
Beiting, sjá Lóðabeiting.			
Belgjagerð	3.	40	—
Beykisstörf	3.	40	—
Bifhjólástjórn	6.	100	—
Bifreiðastjórn	4.	60	—
Bifvélavirkjun	4.	60	—
Bifreiðaviðgerðir	4.	60	—
Bjargfuglaveiðar og eggjataka í björgum:			
a. Sigmaður	12.	2500	—
b. Aðstoðarmenn	10.	300	—
Blikksmíðar:			
a. Án aflvéla	3.	40	—
b. Í vélsmiðjum	5.	80	—
Bókbandsvinna	1.	15	—

222
21. febr.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Brauðgerð	3.	40 aurar
Bréfberastörf (bæjarpóstar)	2.	25 —
Brjóstsýkurgerð	3.	40 —
Brúargerð	6.	100 —
Bryggjugerð	6.	100 —
Burstagerð	1.	15 —
Bæjarvinna ýmisk. (ótilgreind annars staðar)	4.	60 —
Dósaverksmiðjuvinna	5.	80 —
Dúklagning	2.	25 —
Efnagerð	3.	40 —
Farsgerð, sjá Pylsugerð.		
Fatalitun, hreinsun og pressun	2.	25 —
Fiskaðgerð	5.	80 —
Fiskdeigsgerð, sjá Pylsugerð.		
Fiskflökun	4.	60 —
Fiskherzla	3.	40 —
Fiskmat	3.	40 —
Fiskpökkun	3.	40 —
Fiskmjölsverksmiðjuvinna	6.	100 —
Fisksöltun	3.	40 —
Fiskúrgangsvinna	3.	40 —
Fiskþurkun á reitum	3.	40 —
Fiskþurkun í þurkhúsum	3.	40 —
Fiskþvottur	3.	40 —
Frystihúsvinna (meðaltalsiðgjald)	4.	60 —
Færaspuni	2.	25 —
Gasgerð (kolagas)	3.	40 —
Glergerð	4.	60 —
Glerslípun	3.	40 —
Gljávaxgerð	3.	40 —
Gosdrykkjagerð	5.	80 —
Grjótmulning	6.	100 —
Grjótsprenging	6.	100 —
Grjótnám	6.	100 —
Grjótvinna (önnur)	4.	60 —
Gufuskip og vélskip:		
a. Farþega- og flutningaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir), notaðir til mannflutninga (skipshöfn) ...	7.	120 —
b. Veiðiskip yfir 75 lestir og flóabátar undir 50 lestir (skipshöfn)	8.	150 —
Gullsmíðar	1.	15 —
Gúmmiðnaður	3.	40 —
Götuhreinsun, sjá Bæjarvinna.		
Götugerð og lagnir í götu (pípur, vír)	4.	60 —
Hafnargerð	5.	80 —
Hafnsögustörf	7.	120 —
Hampiðja	3.	40 —
Hraðpressun, sjá Fatalitun.		
Hreinsun (ræsting) á skrifstofum, skipum o. fl.	4.	60 —
Hreinlætisvöruframleiðsla (þvottaduft, ræstiduft, fægi-lögur, sápugetur, kertasteypa)	3.	40 —

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann	
Húsagerð (nýsmíði, endurbætur, breytingar)	4.	60 aurar	222
Húsgagnafóðrun	2.	25 —	21. febr.
Húsgagnasmíði:			
a. Án aflvéla	3.	40 —	
b. Í vélsmiðjum	5.	80 —	
Hvalskurður	5.	80 —	
Ístaka	4.	60 —	
Jarðborun	5.	80 —	
Jarðvinna (jarðnám)	4.	60 —	
Járnsmiði:			
a. Án aflvéla	3.	40 —	
b. Í vélsmiðjum	5.	80 —	
Járnsteypa	5.	80 —	
Kaffibrennsla	3.	40 —	
Kaffibætisgerð	3.	40 —	
Karfabræðsla	6.	100 —	
Kexgerð	3.	40 —	
Kjötdeigsgerð, sjá Pylsugerð.			
Klæðaverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald)	4.	60 —	
Konfektgerð	3.	40 —	
Kornmölun	3.	40 —	
Köfun	10.	300 —	
Kökugerð (brauðgerð)	3.	40 —	
Körfugerð	1.	15 —	
Landpóstastörf	6.	100 —	
Lakkrisgerð	3.	40 —	
Línstofuvinna	3.	40 —	
Leðuriðja	2.	25 —	
Leikfangagerð úr tré	4.	60 —	
Leikfangagerð (úr öðru en tré)	2.	25 —	
Lestavinna í skipum	6.	100 —	
Ljósmyndagerð	1.	15 —	
Logsuða	5.	80 —	
Lóðabeiting og afbeiting	5.	80 —	
Lyfjagerð (lyfjafræðingar og nemar)	3.	40 —	
Lýsisbræðsla	6.	100 —	
Lögregluþjónastörf	4.	60 —	
Málmhúðun	3.	40 —	
Málarastörf	4.	60 —	
Málgerð (litagerð)	3.	40 —	
Mjólkurbússtörf	4.	60 —	
Múrarastörf (múrsléttun, múrhúðun o. fl.)	4.	60 —	
Námugróftur	9.	200 —	
Netjagerð og netjabætingar án véla	1.	15 —	
Netjagerð með vélum	3.	40 —	
Niðursuða	3.	40 —	
Oliufatagerð, sjá Sjófatagerð.			
Pappírspoka- og pappírsgerð	3.	40 —	
Pípulagningarvinna utanhúss	4.	60 —	
Pípulagningarvinna innanhúss	3.	40 —	
Pípugerð	3.	40 —	

222
21. febr.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Prentiðn	2.	25 aurar
Prjónastofuvinna	1.	15 —
Pylsu- og farsgerð	2.	25 —
Póstar, sjá Landpóstastörf.		
Raflampa- og hjálmgerð	1.	15 —
Raforkuleiðslur (jarðlínur)	4.	60 —
Raforkuleiðslur (loftlínur)	5.	80 —
Raftækjagerð	4.	60 —
Rakarastörf	1.	15 —
Reiðhjólaviðgerðir	3.	40 —
Reykhusastörf	3.	40 —
Rjómabússtörf	4.	60 —
Róðrabátar (skipshöfn)	8.	150 —
Ræsting, sjá Hreinsun.		
Sand- og malartaka	4.	60 —
Saumastofuvinna	1.	15 —
Seglasaumur	1.	15 —
Seglskip (skipshöfn)	8.	150 —
Sendistörf (vörusendlar)	4.	60 —
Sendistörf (önnur)	2.	25 —
Silfursmíðar	1.	15 —
Sildarbræðsla	6.	100 —
Sildarverkun	3.	40 —
Símalagningar og símaviðgerðir	4.	60 —
Sjóklæðagerð	2.	25 —
Skipasmíðar (viðgerðir og viðhald)	5.	80 —
Skóaburðargerð	3.	40 —
Skógerð	4.	60 —
Skósmíðar	2.	25 —
Slátrun	6.	100 —
Slökkviliðsstörf	6.	100 —
Smjörlikisgerð	3.	40 —
Sokkabanda-, axlarbenda- og sprotagerð	2.	25 —
Sorphreinsun	4.	60 —
Sóthreinsun (sótatar)	5.	80 —
Stáltunnugerð	5.	80 —
Steinhögg	5.	80 —
Steinsteypa	4.	60 —
Súkkulaðigerð	3.	40 —
Sútun (rotun skinna)	1.	15 —
Söðlasmiðar	2.	25 —
Tollgæzla	4.	60 —
Trésmíðar:		
a. Án aflvéla	3.	40 —
b. Í vélsmiðjum	5.	80 —
Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald)	4.	60 —
Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum	7.	120 —
Uppskipun og útskipun við bryggju	6.	100 —
Úrsmíðar	1.	15 —
Varðstaða	4.	60 —
Vatnsvirkjun	5.	80 —

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann	
Vegagerð	4.	60 aurar	222
Veggfóðrun	3.	40 —	21. febr.
Vélbátar undir 75 lestir (skipshöfn)	9.	200 —	
Vélgæzla	5.	80 —	
Vélanámskeið	5.	80 —	
Vikurvinnsla	4.	60 —	
Vinnufatagerð	2.	25 —	
Vitabyggingar	4.	60 —	
Vitavarzla	4.	60 —	
Vöruflutningar (í sambandi við vöruhúsavinnu og skipa- afgreiðslu)	4.	60 —	
Vöruhúsavinna	4.	60 —	
Þangvinnsla	4.	60 —	
Þangtaka	4.	60 —	
Þurkhúsvinna, sjá Fiskþurkun.			
Þvottahúsvinna	3.	40 —	
Ólgerð	3.	40 —	

B. Frjáls trygging.

Búðarstörf, sjá Verzlunarstörf.			
Eldhússtörf	2.	25 —	
Ferðalög á landi	4.	60 —	
Ferðalög á sjó, sjá Sjóferðalög.			
Fuglaveiðar á landi	9.	200 —	
Fuglaveiðar á sjó, sjá Sjófuglaveiðar.			
Garðhleðsla	3.	40 —	
Garðyrkja	2.	25 —	
Gripahirðing	2.	25 —	
Grjótmulning	6.	100 —	
Grjótnám	6.	100 —	
Grjótsprenging	6.	100 —	
Grjótvinna (önnur)	4.	60 —	
Heyvinna	2.	25 —	
Hjúkrunarstörf	1.	15 —	
Hjúkrunarstörf á geðveikrahælum	2.	25 —	
Húsagerð og viðgerðir húsa:			
a. Torfhús	3.	40 —	
b. Steinhús og timburhús	4.	60 —	
Innanhússtörf	1.	15 —	
Innheimtustörf	2.	25 —	
Jarðvinna (jarðnám)	4.	60 —	
Jarðvinnsla:			
a. Með handverkfærum	2.	25 —	
b. Með hestaverkfærum	3.	40 —	
Jarðyrkjústörf (túnyrkja, garðyrkja)	2.	25 —	
Refahirðing á búum	4.	60 —	
Refaveiðar	9.	200 —	
Sjófuglaveiðar	10.	300 —	
Skipströnd (björgunarstörf)	11.	600 —	
Skrifstofustörf	1.	15 —	

		Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
222	Skurðgröftur	3.	40 aurar
21. febr.	Trésmíðar	3.	40 —
	Vegghleðsla	3.	40 —
	Verzlunarstörf (innanbúðar):		
	a. Kjötverzlanir	2.	25 —
	b. Aðrar verzlanir	1.	15 —
	Þjónustustörf, sjá Innanhússtörf.		

Stytzti tryggingartími í frjálsri tryggingu er ein vika.

Þegar um tryggingu starfsmanna við önnur störf eða starfsgreinar er að ræða en að framan eru talin, heimilast Tryggingarstofnuninni að ákveða í hvaða áhættuflokk þau störf eða starfsgreinar skuli falla.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast gildi frá 1. jan. 1939, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda útgefin 1. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Skýringar.

I. Skráning til tryggingar.

Skráning til tryggingar er með mismunandi tilhögun í sjómannatryggingunni, iðntryggingunni og í frjálsri tryggingu samkvæmt 20. gr. laganna.

Sjómannatryggingin.

1. Greina verður á milli, hvort menn eru skráðir eða ráðnir í skiprúm samkvæmt 13. gr. laganna. Á gufuskipum og vélskipum (12 smál. og stærri) fer skráning til tryggingar fram hjá lögreglustjórum, samhliða skráningu í skiprúm.

2. Tryggingartími sjómanna, sem skylt er að lögskrá í skiprúm, telst hafinn, þegar skylt var að lögskrá í skiprúmið, hvort sem það var gert eða ekki, og honum telst slitið, þegar afskráð var úr skiprúminu. Útgerðarmönnum smábáta (vélbátar undir 12 smál. og róðrabátar) ber, um leið og útgerð er hafin, að tilkynna umboðsmanni tryggingarinnar (lögreglustjóra eða hreppstjóra) atvinnureksturinn og nöfn skipverja þeirra, er ráðnir eru á bátinn, og tiltaka jafnframt útgerðartímann. Umboðsmanni er heimilt að tryggja ónafngreinda menn í skiprúm á smábátum, en þá ber jafnan að greina tölu skipverja, sem tryggðir eru, í stað nafnanna. Komi það fyrir að skipi eða bát sé haldið út lengur en til var tekið í upphafi, þá ber að tilkynna það þegar og framlengja trygginguna.

Tryggingartími þeirra sjómanna, sem eru ráðnir í skiprúm, telst hafinn, þegar hin tryggingarskylda sjósókn hófst, — hvort sem atvinnurekandi hafi gætt skyldu sinnar um skráningu til tryggingar og iðgjaldagreiðslu eða ekki — og honum telst slitið, þegar sjósókninni er hætt.

Iðntryggingin.

Skráning til iðntryggingar fer þannig fram, að atvinnurekandanum ber að tilkynna umboðsmanni tryggingarinnar atvinnureksturinn, og gera jafnframt áætlun

um, hversu mörgum vikum tryggingarskyld vinna muni nema, og greiða iðgjöld samkvæmt því þá þegar. Jafnframt ber honum að halda sérstaka vinnuskrá yfir hina tryggingarskyldu vinnu við atvinnureksturinn, og skrá daglega nöfn allra þeirra manna, sem tryggingarskylda vinnu stunda, og þann tíma, sem hver og einn vinnur daglega. Eftir þeirri skrá ber svo að ákveða hina endanlegu iðgjaldagreiðslu. Yfirvinnu fastra starfsmanna ber að skrá sérstaklega og telja hana fram með mánaðarlegri lausavinnu, svo og þann tíma, sem fer til að fara frá vinnu og til.

222

21. febr.

Frjáls trygging.

Tilhögun skráningar til frjálsrar tryggingar samkv. 20. gr. laganna er þannig, að nafngreina verður þann eða þá, er tryggja á, tilgreina tryggingartímann og við hvaða störf er tryggt, sé þess kostur. Þau störf, er óskað kynni að verða að tryggja menn við í frjálsri tryggingu, þar sem nafngreina þarf hinn tryggða — geta verið svo sundurleit, og tíminn svo ósamstæður, að ekki sé unnt að tilgreina þau nákvæmlega, og verður þá að tilgreina við hverskonar störf tryggingar sé óskað á því tímabili, sem tryggingin gildir, og tilgreina hver eru aðalstörfin. Skal þá ákveða meðaltalsiðgjöld með hliðsjón af því, hver aðalstörfin eru.

II. Hverjir eru tryggðir?

Greina verður í flestum tilfellum á milli skyldutryggingar og frjálsrar tryggingar.

a. Skyldutrygging.

Skyldutryggðir, án eigin aðgerða til að tryggja sig, eru allir sjómenn og þeir verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupí í annarra þjónustu, við þær atvinnu- og iðngreinir, sem tiltekið er í 8. gr. laganna. Nánari sundurliðun og greining á því, við hvaða störf skylt er að slysatryggja — og þá jafnframt hvaða starfsfólk er slysatryggt og við hvaða störf — er að finna í reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda, sbr. einnig stafrófsskrá um iðgjaldaflokkun slysatryggingarinnar.

Við ákvörðun þess, hverjir eru skyldutryggðir, og við hvaða störf, koma ýms sérstök atriði til greina, svo sem *hvernig* störfin eru stunduð, *fyrir hvers reikning* þau eru rekin, *hvar* þau eru rekin, *hvort* sá, er þau vinnur, er atvinnurekandi eða vinnuþiggjandi, *tími*, *hverskonar störf* o. fl.

Hvernig störfin eru rekin. — Hér kemur það til greina, hvort talizt getur, að störfin séu rekin eða stunduð sem atvinnugrein eða *atvinnufyrirtæki* með verkafólki, sem goldið er kaup fyrir vinnu sína, eða hvort þau eru rekin eða stunduð sem *heimilisstörf*, án verkafólks. Þannig er öll sjósókn tryggingarskyld, hvort sem er til fiskveiða eða flutninga, ef hún er rekin sem atvinnufyrirtæki, — þó aðeins sé stuttan tíma, — eða í þágu atvinnufyrirtækis. Hinsvegar telst sjósókn, aðeins til heimilisþarfa hvort sem er til fiskveiða eða flutninga, ekki tryggingarskyld. Þeir, sem vilja tryggja sig við slík störf, verða því að kaupa frjálsa tryggingu samkv. 20. gr.

Við ákvörðun iðgjalda fyrir sjómenn á róðrabátum og vélbátum undir 12 smál., sem ekki stunda veiðar að staðaldri, er heimilt að miða vikugjaldið við 4 sjóferðir (róðra) enda sé iðgjaldið þá jafnan greitt fyrirfram fyrir minnst 2 vikur.

Fyrir hvers reikning störfin eru rekin. — Einstaklingar og félög, sem láta vinna tryggingarskyld störf í atvinnuskyni, standa eins að vígi gagnvart þessu atriði.

Hinsvegar eru bæjar- og sveitarfélög skyld að tryggja við þau störf, sem þau láta vinna, þótt ekki geti heitið að sveitarfélögin láti reka þau í atvinnuskyni. Sveitarfélagi, sem hefir á hendi t. d. sót- og sorphreinsun fyrir íbúa sína, er skylt að tryggja þá, er að því vinna. Sama myndi og vera, ef félag eða einstaklingur tækist á hendur að láta vinna þessi störf, tæki borgun hjá bæjarmönnum fyrir þau og hefði verka-

222 menn upp á kaup til að vinna störf, enda væri þetta þá orðinn atvinnurekstur. Hinsvegar, ef hver húseigandi lætur vinna þessi störf fyrir sig, eða þótt einstaklingur tæki störf á hendur fyrir fleiri eða færri húseigendur, vinni þau sjálfur og hafi þau að atvinnu sinni, þá eru störf ekki tryggingarskyld.

Sama máli er að gegna um fleiri störf, t. d. jarðvinnu, grjótvinnu, slökkviliðsstörf o. fl.

Sveitarfélagi, sem lætur vinna þessi störf, er skylt að tryggja þá menn, er við þau vinna. Sama máli gegnir um einstakling eða félag, sem í atvinnuskyni tekst á hendur að láta vinna þessi störf fyrir aðra og hefir til þess verkafólk, hvort heldur er í ákvæðisvinnu eða fyrir ákveðið kaup. Hinsvegar, ef einstaklingur lætur vinna jarðvinnu eða grjótvinnu aðeins fyrir sig, sem heimilisstörf, þá mun hann ekki geta talizt skyldur til að tryggja verkafólk sitt. Vegagerð á öllum opinberum vegum (þjóðvegum, fjallvegum, sýsluvegum og hreppavegum), sömuleiðis vegagerð (götugerð) í kaupstöðum og kauptúnum er tryggingarskyld, og eru þá allir þeir, sem að þeirri vegagerð vinna tryggðir. Þar á móti er vegagerð sem heimilisstörf í þágu heimilis ekki tryggingarskyld (heimavegir, engjavegir).

Bifreiðastjórn. Erfitt myndi vera að telja vinnutíma við bifreiðastjórn fram til tryggingar ef miða ætti við þann tíma er bifreiðinni er stýrt, þar eð sá tími er í flestum tilfellum mjög óákveðinn og óreglulegur. Verður með tilliti til þess óhjákvæmilegt að iðgjaldið sé miðað við þann tíma, sem bifreiðin er skráð í notkun hjá hlutaðeigandi lögrelustjóra.

Húsbyggingar í sveitum. Með lögum um alþýðutryggingar, er húsagerð í sveitum gerð tryggingarskyld. Skyldan nær þó aðeins til tvílyftra húsa og heyhlaðna. Nú munu skiptar skoðanir um hvað telja beri til tvílyftra húsa. Venjuleg íbúðarhús í sveit eru að jafnaði aðeins kjallari og ein hæð, — stundum með risi. Ef kjallarinn teldist ekki sem hæð, myndu fæst hús koma undir skylduna. Er það vafalaust andstætt tilætlun löggjafans, enda sízt meiri áhætta af byggingu heyhlaðna. Verður því að líta svo á að öll hús, sem eru ein hæð og kjallari eða stærri séu tryggingarskyld.

Trygging iðnnema. Með lögum um iðnnám takast meistara á hendur skuldbindingar um að veita nemum í hlutaðeigandi iðngrein óslitna kennslu þar til náminu er lokið. Verður því að telja eðlilegt að iðgjöld séu greidd fyrir iðnnema allan námstíma þeirra nema veikindi eða önnur óviðráðanleg forföll valdi því, að þeir eigi gangi að vinnu.

Starfsemi í fleiru en einu umdæmi. Ekki er það óalgengt, að sami atvinnurekandi reki tryggingarskyldan atvinnurekstur í fleiru en einu umdæmi. Hefir það oft valdið misskilningi og óþarfa fyrirhöfn, hvar greiða ber iðgjöld fyrir starfsemi, sem rekin er í öðru umdæmi, en atvinnurekandi er sjálfur búsettur. Það liggur í hlutarins eðli, að erfitt er fyrir umboðsmenn tryggingarinnar að fylgjast með starfsemi utan síns eigin umdæmis. Ber því að líta svo á, að skrára skuli jafnan til tryggingar þar, sem starfrækslan fer fram.

Slökkviliðsstörf. Iðgjald fyrir slökkviliðsstörf er miðað við fasta starfsmenn slökkviliðs. Nú mun, þar sem samin hefir verið reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála, gert ráð fyrir hóp manna, sem sérstaklega hafa verið æfðir við slökkviliðsstörf og hafa strangari skipun um að mæta við boðun en almennir borgarar. Ber þá að líta á þá sem tryggingarskylda, er þeir eru boðaðir út annað hvort við brunaliðsæfingar eða þegar bruna ber að höndum.

Í hverju einstöku tilfelli skal skylt að gera skrá yfir þá, sem mæta við slíka boðun, og ber að miða iðgjaldið við hvern einstakan, kr. 0.50 í hvert sinn.

b. Frjáls trygging, skv. 20. gr. laganna.

222

Heimilt er að tryggja þá, sem ekki eru skyldutryggðir, í frjálsri tryggingu. Fer um þá tryggingu á sama hátt og skyldutryggingu með þeim sérákvæðum, sem er að finna í 20. gr. tryggingarlaganna. *Er slík trygging því aðeins gild, að allra þeirra ákvæða sé gætt.*

21. febr.

Tími og störf.

Það leiðir af sjálfu sér, að menn eru slysatryggðir á því tímabili aðeins, sem lögskýlt er að tryggja þá, eða til hefir verið tekið í skráningu til frjálsrar tryggingar, og við þau störf ein, sem tryggingarskyld eru, eða tilgreind hafa verið í frjálsri tryggingu. Við önnur störf eða á öðrum tíma telst maðurinn ótryggður.

Greina verður hér enn á milli skyldutryggingar og frjálsrar tryggingar.

Maður, sem slasast við störf, sem eru tryggingarskyld, er tryggður þótt vanrækt hafi verið að tilkynna trygginguna, störf eða tíma eða hvorutveggja — eða þótt vanrækt hafi verið, að greiða iðgjöld, en sá, er skyldu bar til að annast trygginguna, skal þá sæta sektum. Hinsvegar, ef maður slasast áður en *trygging er hafin*, eða *eftir* að henni er slitið — þó litlu muni um tímann — er hann ótryggður. Sömuleiðis er hann ótryggður, ef hann slasast við störf eða atvik, sem óviðkomandi eru atvinnurekstri þeim, sem hann er tryggður við, enda þótt það vilji til á tryggingartímabilinu. Það verður að fara eftir tilhöggun þeirri, sem er á skráningu til tryggingar (sem lýst er annars staðar) hvenær tryggingartími getur talizt hafinn, og hvenær talizt getur að honum sé slitið.

Í frjálsri tryggingu er tryggingartími og tryggingarstörf alltaf það, sem til hefir verið sagt fyrirfram við skráningu til tryggingarinnar.

Meðferð slysamála.

Slysabætur eru þrennskönar: Dagpeningar, öorkubætur og dánarbætur auk sjúkrahjálpar, sem að jafnaði greiðist samhliða dagpeningum. Tryggingin greiðir og læknum tiltekið gjald fyrir áskilin læknisvottorð með slysabótamálum.

Meðferð slysamála er mismunandi eftir því um hvaða tegund slysabóta er að ræða.

Dagpeningar.

Tryggingin greiðir dagpeninga, að loknum biðtímanum. Biðtíminn getur verið nokkuð mismunandi og eru nánari skýringar á því að finna í 10. gr. laganna.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir eftir lögum tryggingarinnar, ber atvinnurekandanum, eða þeim öðrum, sem hafa slysatryggt sjálfa sig eða aðra, að senda þegar tilkynningu um slysið, ritaða á eyðublað tryggingarinnar fyrir slíkar tilkynningar. Tilkynninguna ber að senda hlutaðeigandi umboðsmanni tryggingarinnar. Umboðsmenn tryggingarinnar eru allir lögreglustjórar, og í umboði þeirra aftur hreppstjórar, þeir, er annast skrásetningu til tryggingar, fyrir þeirra hönd. Í Reykjavík annast lögreglustjóri skráningar til sjómannatryggingar, en aðalskrifstofan til iðntryggingar. Þó sér tollstjóri um alla innheimtu iðgjalda af bifreiðarstjórum. Hlutaðeigandi umboðsmaður telst sá, er skrásett hefir hinn slasaða til tryggingar (frjáls trygging), eða atvinnurekstur þann, er slasaði er tryggður við. Tilkynningin sendist hlutaðeigandi umboðsmanni tryggingarinnar, til þess að hann votti, hvort hinn slasaði var tryggður og slasaðist við tryggingarskylda vinnu, eða tryggða vinnu (frjáls trygging). Slíkt vottorð getur enginn gefið, nema sá umboðsmaður, sem skrásett hefir trygginguna. — Vottorð þau, sem um þetta eru gefin, skulu gefin sem embættisvottorð.

Svo fljótt, sem við verður komið, skal hinn slasaði leita læknis. Læknirinn gefur vottorð um slysið, og ásigkomulag slasaða, á eyðublað, sem tryggingin leggur til

21. febr. 222 (læknisvottorð I). Læknisvottorðið ber að láta fylgja tilkynningunni um slysið. Tilkynningu og læknisvottorði um fyrstu skoðun skal jafnan fylgja til tryggingarinnar vottorð þess, sem skrásett hefir trygginguna, hvort sem það hefir verið lögreglustjóri sjálfur, eða hreppstjóri í umboði hans, um það, að hinn slasaði hafi verið tryggður þegar slysið vildi til og yfir hvaða tímabil, sé um að ræða þannig tímabundna tryggingu að það sé hægt, að hann hafi slasast við hina tryggðu vinnu, hvort iðgjöld voru greidd og hvort um var að ræða frjálsa tryggingu eða skyldutryggingu. Vottorðið sé ýtarlegt og ótvírætt. Þessi þrjú málsskjöl (tilkynninguna, læknisvottorð I og tryggingarvottorð) ber að láta fylgjast að. Hafi þau safnast fyrir í höndum hreppstjóra, getur hann sent þau beint til tryggingarinnar eða til lögreglustjóra áleiðis til tryggingarinnar.

Undanteknar frá því að senda tilkynningu um slys til umboðsmanns tryggingarinnar, eru ríkisstofnanir og þeir aðrir, sem greiða iðgjöld beint til tryggingarinnar. Getu umboðsmenn tryggingarinnar ekki vottað um tryggingu slíkra manna. Ber því að senda áskilin málsskjöl af forráðamönnum slíkra fyrirtækja beint til aðalskrifstofunnar.

Allir þeir, sem geta vænst að þurfa að tilkynna slys, skulu útvega sér eyðublöð tryggingarinnar undir tilkynningar um slys. Þau fást á skrifstofu tryggingarinnar og hjá lögreglustjórum.

Þegar tryggingunni hafa borizt framangreind málsgögn þannig útbúin, sem hún tekur gild, getur hún metið, hvort slasaði á rétt til dagpeninga. Til þess að ákveða, hve lengi ber að greiða dagpeninga, þarf framhaldandi vottorð frá lækni, sem skoðar slasaða síðar og gefur vottorð um skoðunina á eyðublað, sem tryggingin leggur til (dagpeningavottorð). Vottorð þessi eru þó þýðingarlaus fyrr en komið er fram yfir biðtímann. Bætur eru svo ákveðnar eftir þessum framhaldsvottorðum læknanna til þess tíma í lengsta lagi, sem vottorðið er dagsett, ella til þess tíma, sem slasaði er metinn vinnufær eftir vottorðinu. Dagpeningavottorð ber að senda beint til tryggingarinnar. Þýðingarlaust er að láta lækni skoða sig í því skyni að senda tryggingunni vottorð um skoðunina, tíðar en á vikufresti, fyrir þá sem húa næst tryggingunni, ella svo oft sem ferðir falla til Reykjavíkur, eða slasaði kýs. Þó verður að gæta þess, að læknisskoðanir séu ekki svo strjálar, að ekki sé hægt að rekja sambandið á milli slyssins og óvinnufærni slasaða. Ekki er nauðsynlegt að slasaði láti allaf sama lækni skoða sig.

Örorkubætur.

Ef hinn slasaði verður fyrir varanlegum orkumissi af afleiðingum slyss við tryggða vinnu, bera honum örorkubætur eftir mati tryggingarinnar, en þó því aðeins að orkumissirinn sé metinn af tryggingunni 20% eða meira. Örorkubætur koma ekki til greina fyrr en útséð er um, hve mikið varanlegt orkutap mannsins verður. Þó getur tryggingin greitt nokkurn hluta bóttanna áður en fullséð er um orkumissi, ef ætla má að vinnuhæfni slasaða, að dómi tryggingarlæknis, muni undir öllum kringumstæðum skerðast að meira en $\frac{1}{2}$. Þar, sem örorkubótamál þannig eru beint framhald af dagpeningamálum, þá er og meðferð þeirra í upphafi öll hin sama og að framan greinir um dagpeningamál. Framhaldið er þannig, að læknir skoðar hinn slasaða á ný og gefur lýsingu á afleiðingum slyssins á sérstakt eyðublað, sem tryggingin leggur til (örorkuvottorð). Eftir því vottorði metur tryggingin svo varanlegan orkumissi slasaða. Sé orkumissirinn metinn minni en 20% ($\frac{1}{5}$), hefir slasaði ekki rétt til bóta, ella í hlutfalli við það, hve mikill orkumissirinn er metinn, allt upp í fullar örorkubætur — 6000 krónur

Tryggingin hefir sérstakan lækni til ráðuneytis um mat á dagpeningarétti og örorkubótarétti.

Örorkuvottorð er tekið gilt sem umsókn slasaða um örorkubætur. Þarf því enga sérstaka umsókn að senda um örorkubætur með örorkuvottorði, en hinsvegar er tilgangslaust að senda sérstaka umsókn um örorkubætur nema örorkuvottorð frá lækni fylgi. 222
21. febr.

Dánarbætur.

Þegar tryggður maður deyr af afleiðingum slyss, greiðir tryggingin dánarbætur til eftirlátinna vandamanna. Réttur eftirlátinna vandamanna til dánarbóta fer eftir þeim reglum, sem lög tryggingarinnar tiltaka.

Dánarbætur eru mjög mismunandi eftir því, hvernig er ástatt um eftirlátna vandamenn hins látna og getur jafnvel farið svo, að tryggingunni beri engar dánarbætur að greiða, enda þótt hinn látni hafi verið slysatryggður. Annars er eðli dánarbótanna fyrst og fremst það, að veita eftirlátnum vanda- og venzlamönnum, sem hafa verið að einhverju leyti á framfæri hins látna, fjárhagslegan stuðning, misjafnlega mikinn eftir því, að hve miklu leyti þeir voru á framfæri hans. Nánari upplýsingar um upphæð bótanna er að finna í 11. gr. laganna.

Til ákvörðunar um dánarbætur þarf tilkynningu og vottorð umboðsmanns um tryggingu, samskonar og með dagpeningamáli, ennfremur vottorð læknis á eyðublað um fyrstu skoðun (læknisvottorð I), er staðfesti það, að maðurinn hafi látizt af afleiðingum slyssins. Ef maðurinn hefir beðið bana af slysinu þegar í stað, eða svo fljótt, að ekki hafi náðst til læknis áður en hann lézt, þá verður venjulegt dánarvottorð að koma í staðinn fyrir læknisvottorð I. Loks þarf skýrslu viðkomandi skiptaráðanda um eftirlátna vanda- og venzlamenn. Tryggingin gefur út eyðublöð fyrir slíkar skýrslur.

REGLUGERÐ

223

um frjálsar slysatryggingar.

21. febr.

Stjórn.

1. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins starfrækir sérstaka deild innan slysatryggingarinnar, sem tekur að sér frjálsar tryggingar á einstökum mönnum. Deild þessi hefir sérstakan fjárhag, aðskilinn frá öðrum deildum slysatryggingarinnar. Stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins hefir yfirstjórn deildar þessarar á sama hátt og annara deilda slysatryggingarinnar.

Tryggingarsvið.

2. gr.

Tryggingin nær til slysa, sem hinn tryggði verður fyrir og sem sannast innan 6 mánaða frá því slysið varð, að valdi óvinnuhæfni, örorku að nokkru eða öllu leyti eða dauða, enda sé slysið sannanlega hin raunverulega orsök og bótaskyldt samkvæmt eftirfarandi reglum. Þó greiðir tryggingin ekki örorkubætur, ef orkutapið nær ekki $\frac{1}{10}$ (10%) af heildarorku hins slasaða.

Til slysa teljast hverskonar áverkar, er menn verða fyrir, og afleiðingar þeirra. Ennfremur kviðslit og tognanir, sem orsakast af snöggum viðbrögðum eða átökum. Þá greiðast og bætur fyrir blóðeitrun og igerðir, ef sannanlegt er að slyshafi valdið þeim.

Ef rekja má dauða hins tryggða að nokkru eða öllu leyti til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar, sem bjó í honum, er slysið vildi til eða byrjaði síðar, án þess